

Fimmtudaginn 24. mars 1986.

Nr. 240/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Svavari Dalmann Hjaltasyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Skírlífisbrot. Líkamsárás. Ákæra. Áfengislög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1985 til þyngingar, en ákærði hafði ekki óskað áfrýjunar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. desember 1985.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærða að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur.

#### *I. Ákæra 24. maí 1984.*

Svo sem í héraðsdómi greinir hefur ákærði viðurkennt að hafa haft samfarir við stúlkuna K hinn 22. nóvember 1983 og 31. janúar 1984, sbr. 1. og 4. lið í ákæru 24. maí 1984, en framburður hans varðandi 2. og 3. lið sömu ákæru er nokkuð á reiki. Í sakadómsyfirheyrslu hinn 6. júlí 1984 kvaðst ákærði hafa „hitt stúlkuna oftár á þessu tímabili og þá átt við hana einhverja ástarleiki, en man ekki hvort um fullkomin mök var að ræða.“ Í sakadómsyfirheyrslu 11. janúar 1985 segir ákærði um ákæruliði 2-3 í þessari ákæru „að ekki hafi verið um að ræða samfarir heldur aðeins gælur og kossa.“

Fyrir rannsóknarlögreglu hafði ákærði áður haft þau orð um hvað gerst hefði í þau skipti sem fjallað er um í 2. og 3. ákærulið, að hann rengi það ekki „ef K segist þrisvar hafa farið með mér í Hjarðarhagann og haft mök þar við mig“, og ennfremur: „Hún hlýtur að segja rétt frá, ég trúi ekki öðru. Ég man hins vegar ekki eftir nema þessu fyrsta skipti í nóvember. Ég hlýt að hafa verið orðinn svona ruglaður af áfengis- og lyfjanotkun, að ég muni þetta ekki.“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið og að öðru leyti með skírskotun til þess sem í héraðsdómi segir um þessa ákæru, þykir ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um alla þá verknaði sem fjallað er um í þessari ákæru. Með því hefur hann gerst sekur um háttsemi sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### II. *Ákæra 30. október 1984.*

Með skírskotun til þess sem segir um þessa ákæru í héraðsdómi má staðfesta sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til lagaákvæða að viðbættu refsíákvæði 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

### III. *Ákæra 21. janúar 1985.*

Með skírskotun til þess sem í héraðsdómi greinir um þessa ákæru má staðfesta sakarmat héraðsdóms.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Brot það sem hér er sakfelld fyrir er þess eðlis að 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga ætti við um það. Þar sem ákæruvald hefur einungis krafist refsingar samkvæmt 217. gr. sömu laga og málið hefur ekki verið reifað í samræmi við 218. gr. verður refsing dæmd innan marka 217. gr. almennra hegningarlaga.

### IV.

Í ákærum þeim sem um er dæmt var krafa gerð um refsingu með tíðkanlegum hætti. Í bókun í þinghaldi, er málið var flutt í héraði, segir svo um málflutning sækjanda: „Reifaði hann atvik málsins og krafðist þess að ákærði yrði dæmdur til hæfilegrar refsingar, allt að 6 mánaða fangelsis ...“

Takmörkun á valdsviði dómstóla til þess að ákveða refsingu fyrir brot sem ákært er út af á sér ekki stoð í lögum nr. 74/1974 né öðrum lögum og er andstæð grundvallarreglum um skiptingu valds milli handhafa ákæruvalds og dómstóla. Skiptir nefnd yfirlýsing sækjanda því ekki máli við ákvörðun refsingar.

Það athugast að þar sem í héraðsdómi eru reifaðar skýrslur annarra en ákærða er þess ekki getið að um er að ræða skýrslur fyrir lögreglu eingöngu og að þessir skýrslugjafar voru ekki kvaddir fyrir dóm.

Ákærði gekkst hinn 29. júní 1984 með dómsátt undir 4.000,00 króna sektargreiðslu fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og hinn 30. janúar 1985 gerði hann dómsátt um 4.500,00 króna sekt fyrir samskonar brot. Brot þau, sem hér er dæmt fyrir, eru öll framin fyrir 29. júní 1984. Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða hegningarauka við ofangreindar refsingar.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 9 mánuði. Draga ber gæsluvarðhaldsvist ákærða 8 daga (frá 1.-9. febrúar 1984) frá refsingu hans samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Svavar Dalmann Hjaltason, sæti fangelsi 9 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans í 8 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 3. júlí var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í máli nr. 499/1985: Ákærvaldið gegn Svavari Dalmann Hjaltasyni, sem tekið var til dóms 14. júní 1985.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. maí 1984, gegn ákærðum, „Svavari Dalmanni Hjaltasyni, Hjarðarhaga 42 í Reykjavík, fæddum 4. janúar 1960 á Sauðárkróki, fyrir að hafa í fjögur skipti haft holdlegt samræði við stúlkuna K ... fædda ... 1971 á tveimur stöðum í Reykjavík.

1) Þriðjudaginn 22. nóvember 1983 á ofangreindu heimili ákærða.

2) Eitt sinn á tímabilinu 22. nóvember 1983 fram í janúar 1984 á sama stað.

3) Aftur á sama tímabili á sama stað.

4) Þriðjudaginn 31. janúar 1984 í auðu og yfirgefnu húsræskni nr. 18a við Þverholt.

Þetta athæfi ákærða telst varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einnig er málið höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 30. október 1984, gegn ákærðum, „Svvari Dalmanni Hjaltasyni, Hjarðarhaga 42 í Reykjavík fæddum 4. janúar 1960 á Sauðárkróki, fyrir að hafa, föstudaginn 16. mars 1984, gefið stúlkunni G, fæddri ... 1970, áfengi að drekka í biðskýli strætisvagna Reykjavíkur á Hlemmtorgi þar í borginni.

Telst þetta varða við 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Loks er málið höfðað gegn ákærðum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. janúar 1985, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 19. nóvember 1983 við Austurstræti 18 í Reykjavík ráðist á Sigmund Grétar Sigundsson, fæddan 30. september 1965 og veitt honum högg í andlitið með höfðinu með þeim afleiðingum að 5 tennur í Sigmundi Grétari brotnuðu svo sem greinir í vottorði tannlæknis, dagsettu 22. nóvember 1983:

„I. Brotið var úr tveimur tönnum í efri góm á þremur stöðum, þ.e., báðum miðframtönnum.

II. Hægri hliðarframtönn í neðri góm brotið af vinstra horn. Hægri framtönn í neðri góm úrdregin (hafði brotnað). Vinstri framtönn í neðri góm brotið af hægri horn, einnig var búið að fjarlægja tannkviku úr rötargangi, þ.e., það þarf að rótfulla tönnina.“

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærnum og refsingum, svo sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir frestun ákæru fyrir þjófnað (1976), einn dóm fyrir umferðar- og áfengislagabrot (1980) og tíu sektir, ákveðnar með dómsátt, þar af eina fyrir líkamsárás (1977).]

*Málsatvik eru þessi:*

I

Þriðjudaginn 31. janúar 1984, laust eftir klukkan 20:00, kom á lögreglu-stöðina við Hverfisgötu maður að nafni X og skýrði lögreglu frá því, að hann hefði grun um að ákærður væri að tæla K dóttur sína til ólífnaðar, en hún væri fædd ... 1971. Lögreglan handtók ákærðan um tveim tímum síðar og var hann sýnilega ölvaður og undir áhrifum lyfja. Að tilvísan hans fannst K áberandi ölvuð í opnu húsræksni við Þverholt 18A hér í borg, og var hún flutt á kvensjúkdómadeild Landsspítalans.

Vitnið K skýrði meðal annars þannig frá við yfirheyrslu hjá Rannsóknar-lögreglu ríkisins hinn 3. febrúar 1984:

„Mætta kveðst hafa kynnst Svavari í nóvember á sl. ári og frá þeim tíma haft með honum samfarir í ein fimm skipti. Nánar þar um kveðst mætta hafa fyrst haft samfarir með Svavari þann 22. nóvember 1983 á heimili hans við Hjarðarhaga. Ástæðuna fyrir því að hún muni það svo upp á dag, kveður mætta vera þá að móðir hennar hafi þá farið erlendis (sic) en faðir mættu verið heima. Mætta kveðst hafa verið næturlangt heima hjá Svavari þarna í fyrsta sinn sem þau hafi haft samfarir, en Svavar verið ölvaður og búinn að taka inn eitthvað af lyfjum.

Aðspurð kveðst mætta nokkru áður hafa átt samfarir við strák sem sé tveimur árum eldri en hún, og hafi það verið í fyrsta skipti sem hún hafi haft kynmök.

Aðspurð kveðst mætta hafa sagt Svavari hvað hún væri gömul, og Svavar þá haft á orði að hann vildi að hún væri eldri.

Aðspurð kveðst mætta hafa farið samtals þrjú skipti heim með Svavari á Hjarðarhaga þar sem þau hafi svo haft kynmök og þá í öll skiptin með fullum vilja mættu.

Síðast hafi þau svo haft samfarir í auðu húsi sl. þriðjudag þar sem lögreglan hafi fundið mættu.

Aðspurð kveðst mætta hafa verið allsgáð í öll skiptin utan þess síðasta sem þau hafi haft kynmök, en þá hafi hún örlítið verið undir áhrifum áfengis. Síðar sama skiptið hafi hún svo fengið fjórar töflur af diazepam hjá Svavari, sem hún hafi tekið inn ofan í áfengið.

Nánar spurð um ferðir mættu sl. þriðjudag, þá kveðst hún hafa hitt Svavar á Hlemmtorgi um kl. 10:00 til 10:30 og þá farið með honum niður í bæ. Síðan hafi þau farið í auða húsið þar sem lögreglan hafi fundið hana, og þar haft kynmök, en mætta þá líttillega verið búin að drekka áfengi sem hún hafi fengið hjá Svavari. Áður hafi verið með þeim maður að nafni Einar sem mætta viti engin deili á, en hann orðið viðskila við þau. Eftir að hafa dvalið í auða húsinu í einn til tvo tíma og haft þar kynmök, þá hafi þau farið aftur niður í bæ og síðan í eitthvað (sic) hús sem mætta

viti ekki hvar er. Þaðan verið vísað út að því er mætta telji en hún þá verið orðin talsvert ölvuð. Þá farið aftur í áðurnefnt hús og mætta sofnað þar en Svavar vakið mættu og sagt henni að hann væri að fara til að hitta einhvern og halda áfram drykkju.

Aðspurð kveðst mætta ekki gera sér grein fyrir því hvort hún hafi haft kynmök við Svavar í seinna skiptið sem þau hafi komið í auða húsið og getur þess að hafa verið orðin mikið ölvuð.“

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins dagana 1. og 6. febrúar 1984 skýrði ákærður meðal annars þannig frá atvikum máls þessa:

„Ég kynntist K á Hlemmi en þar er hún mikið og ég hef stundum setið þar og drukkið.

Ég fór með hana heim til pabba og mömmu fyrir rúmum þrem mánuðum síðan, að Hjarðarhaga 42, en þau voru sofandi og vissu ekki af því. Reyndi ég að hafa mök við hana þar. Það gekk ekki vegna þess að ég var svo drukinn. Hún var ekki hrein mey, ég fann það, og svo sagði hún mér að hún væri það ekki. Sagðist hún hafa verið með strák áður. Mér brá mikið þegar ég vissi hvað hún var gömul. Annars hélt ég að hún væri 13 ára. Hún hefur aldrei sagt mér hvað hún væri gömul en við höfum aldrei rætt aldurinn á henni og ég hef engan spurt um hann. Ég bara hélt að hún væri 13 ára. Hún sagði mér að hún væri hrifin af mér þegar ég fór með hana inn á Hjarðarhaga. Ég er ekkert meiriháttar hrifinn af henni en kann vel við hana og hún er góð stelpa.

Ég hef ekki oft gefið K vín. Í gær var ég bara með kryppling og gaf henni nokkra sopa. Ég gaf henni líka eina diazepamí en hún þrabað mig. Ég fór frá henni í gærkvöldi um kl. 19:00 en þá var hún orðin svo drukkin. Fór ég niður á Hlemm og sagði henni að vera kyrr og reyna að jafna sig. Þetta var í kofa við Þverholt sem ekki er búið í. Ég hafði sofið þar nóttina áður og hún var hjá mér um daginn og hafði ég þá samfarir við hana. Ég veit ekki hvað klukkan var þá en það var seinnipart dagsins í gær. Ég þæli mjög lítið í það hvað klukkan er yfirleitt. Ég passaði mig á því að fá ekki úr honum í hana og lét sæðið útfyrir. Það hefur lent í teppi sem við lágum ofan á....

Ég veit ekki til þess að foreldrar hennar hafi kvartað yfir þessu sambandi okkar en þau hafa ekki gert það við mig. Ég hef aldrei talað við foreldra hennar.

Ég hef ekki hugsað mér að halda þessu sambandi áfram, ég held bara að það borgi sig ekki. Ég held þó að það sé allt í lagi að vera vinur hennar....

Ég hef átt við vandamál að stríða og eflaust hef ég ekki þroska sjálfur miðað við minn aldur. Ég hef aldrei tekið á mínum málum sjálfur eða haft stjórni á mínu lífi. Það hefur alltaf allt verið gert fyrir mig. Ég er yngstur

af mínum systkininum. Mamma hefur alltaf gert allt fyrir mig og ég tel að ég hafi ekki þroskast eðlilega mikið þess vegna. Ég fór að gera mér grein fyrir þessum hlutum þegar ég fór í meðferð vegna drykkjusýki. Það hefur alltaf verið tekið fram fyrir hendurnar á mér. Nú hef ég hugsað mér að reyna að taka á mínum málum sjálfur en ekki láta aðra ýta mér. Ég vill ekki gera öðrum illt. Ástæðan fyrir því að ég fór að hafa mök við K er eintómt rugl og ég vissi ekkert hvað ég var að gera.

Það getur verið rétt hjá henni að við höfum haft mök saman í fyrsta skipti þann 22. nóvember sl. Ég man eftir því, þó svo ég muni ekki dagsetninguna eins vel og hún. Mjög líklega, þegar við vorum á leið heim að Hjarðarhaga þann 22. nóvember sl., þá sagði hún mér að hún væri 12 ára. Ég var drukkinn þá og ruglaður og stóð ég samt í þeirri meiningu að hún væri 13. Þegar ég reyni að hugsa skýrt inni í klefanum mínum þá rifjast upp fyrir mér þetta atvik þegar við vorum að fara að Hjarðarhaga og hún sagði mér þetta. Ég svaraði henni því að þetta væri í fyrsta skipti sem ég væri með svona ungri stelpu. Ég sagði heilmargt við sjálfan mig. Mér fannst hún alltof ung.

Ef K segist þrisvar hafa farið með mér á Hjarðarhagann og haft mök þar við mig, þá rengi ég það ekki. Hún hlýtur að segja rétt frá, ég trúi ekki öðru. Ég man hins vegar ekki eftir nema þessu fyrsta skipti í nóvember. Ég hlýt að hafa verið orðinn svona ruglaður af áfengis- og lyfjanotkun, að ég muni þetta ekki.

K drekkur svipað og þessir krakkar gera þarna á Hlemmi. Hún þiggur yfirleitt áfengi ef því er rétt að henni. Ég hef oft gefið henni áfengi eða rétt henni sopa og sopa, eins og vinir gera. Ég held alls ekki að hún sé neitt komin í töflur. Líklega gaf ég henni eina diazepami töflu þann 31. janúar. Þó getur verið að það hafi verið einhver annar sem ég gaf töfluna. Það var einhver sem lá í mér og þrábað um diazepami.

Ég rengi alls ekki framburð K. Misræmið liggur fyrst og fremst í því að við lítum misjöfnum augum á kynmök, henni finnst meira hafa skeð á milli okkar en mér. Hennar minni er mikið betra en mitt og ég treysti henni til að segja satt og ég veit að hún myndi ekki ljúga vísitandi upp á mig...“

Ákærður hefur fyrir dómi skýlaust jatað að hann hafi þriðjudaginn 22. nóvember 1983 og þriðjudaginn 31. janúar haft fullkomin holdleg mök við stúlkuna K svo sem lýst hefur verið hér að framan. Hann sagðist hafa hitt stúlkuna oftár á þessu tímabili og þá átt við hana einhverja ástarleiki, en kvaðst ekki muna hvort um fullkomin mök hafi verið að ræða.

Ákærður kvað K hafa sagt sér að hún væri 12 ára gömul, hann þá verið fullur og ekkert verið að „þæla“ í því frekar.

Ákærður staðhæfði að stúlkan hefði sjálfviljug haft við hann samfarirnar og hann ekki beitt hana nokkru valdi.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Gests Pálssonar læknis, dagsett 8. mars 1984, og segir í því meðal annars:

„Við skoðun sást dálítið mar í hársverði hæ. megin, einstaka punkt-blæðingar í húð vi. megin á hálsi á u.þ.b. 2×2 cm svæði og mörg gömul grunn ör á handarbökum beggja handa.

Kvensjúkdómalæknir, sem skoðaði stúlkuna nokkru eftir komu, segir stúlkuna fremur slæpta, greinilega áfengislykt úr vitum, en stúlkan hafi þó gefið greinargóð svör. Skoðunin leiddi ekki í ljós nein áverkamerki, og var ekkert sérstakt óeðlilegt að finna við skoðun á kynfærum. Tekið var sýni sem skoðað var strax í smásjá og sáust ekki spermi. Þannig varð við þessa skoðum hvorki sannað né afsannað að stúlkan hefði haft samfarir þetta kvöld...“

Ákærður sat í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 1.—15. febrúar 1984.

Með eigin játningu ákærðs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

## II.

Föstudaginn 16. mars 1984, klukkan um 14:00, handtók lögreglan ákærðan á Hlemmtorgi, hér í borg. Í för með honum var ung stúlka G, fædd 1970. Að mati lögreglu var hún greinilega ölvuð og kvað hún ákærðan hafa veitt sér vín að drekka.

Vitnið G kvaðst greint sinn hafa hitt ákærðan á Hlemmtorgi, en þau væru kunnug, og hefði ákærður gefið vitninu nokkra sopa af rauðleitu áfengi sem það vissi ekki nánari deili á.

Ákærður hefur skýlaust játað að hann hafi greint sinn veitt nefndri stúlku áfengi, og taldi hann stúlkuna vera um það bil 14 ára að aldri.

Með eigin játningu ákærðs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem varðar refsingu samkvæmt 3. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

## III.

Aðfaranótt laugardagsins 19. nóvember 1983 klukkan um 02:45 handtók lögreglan ákærða í Austurstræti að ósk Sigmundar Grétars Sigmundssonar sem kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás af hans hendi. Í lögregluskýrslu er atvikum málsins nánar lýst þannig:

„Kærandi sagðist hafa gengið á milli vinar síns sem var í rifrildi við annan pilt, Árna og Gísla, en hann sagði Gísla hafa ætlað að „berja“ Árna

en af því hafi ekki orðið. Skömmu síðar hafi þeim lent saman aftur og hafði hann þá gengið á milli aftur en þá hafði Svavar komið og slegið sig í andlitið án nokkurs fyrirvara og hélt hann því fram að Svavar hefði tekið feil á sér og Gísla.

Kærði sagðist hafa ætlað að aðstoða vin sinn en sökum bráðræðis síns hafði hann veist að röngum manni og var mikið leiður yfir framferði sínu og sagðist ætla að bæta Sigmundi allt það tjón er hann hafði gert honum.“

Samkvæmt lögregluskýrslu var Sigmundur Grétar alblóðugur í andliti, blóð á fötum hans og framtennur í neðri gómi lausar, en roði var á hnúum hægri handar ákærðs.

Vitnið Sigmundur Grétar Sigmundsson nemandi, Spóahólum 12, Reykjavík, kvaðst greint sinn hafa verið við pylsubarinn í Austurstræti ásamt manni að nafni Gísla Hafsteini Gunnlaugssyni og þeir verið að snæða pylsur. Hafi þá komið að þeim kunningi ákærðs og slegið pylsubút úr hendi Gísla Hafsteins sem ætlað hefði að berja hann, en vitnið gengið á milli, þeim hefði síðan lent saman aftur, vitnið enn gengið á milli og ráðlagt Gísla Hafsteini að fara, en ákærður þá veist að vitninu og „stangað“ það í andlitið með þeim afleiðingum að tennur þess brotnuðu.

Vitnið Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson nemi, Bláskógum 11, Reykjavík, staðfesti að þeir Sigmundur Grétar hefðu verið að kaupa sér pylsur í Pylsvagninum. Hefði þá borið að strák sem farið hefði að rifast við vitnið að tilefnislausu, þeir vitnið og Sigmundur Grétar gengið frá um stund, en komið að aftur og strákurinn þá haldið rífrildinu áfram. Maður nokkur kom þarna að og sló vitnið en Sigmundur Grétar gekk á milli þeirra, en lenti í einhverju þófi við mann þennan sem „stangaði“ Sigmund Grétar í andlitið. Vitnið taldi að aðilar allir hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Árni Haukur Tómasson nemandi, Markarflöt 30, Garðabæ, kvaðst hafa séð Gísla Hafstein taka í lítinn strák sem þarna var og vitnið komið honum til hjálpar, enda hafi hann verið farinn að grenja. Eftir að átökum þeirra vitnisins og Gísla Hafsteins lauk hafi ákærður komið til þeirra Sigmundar Grétars þar sem þeir stóðu á tali og „skallað“ Sigmund Grétar beint í andlitið, þannig að hann vankaðist, féll í götuna og úr munn hans blæddi.

Ákærður taldi að Sigmundur Grétar Sigmundsson hefði greint sinn verið að „derra sig“ við yngri krakka og ákærður þá gengið til hans og sagt honum að hætta þessu. Þeir hefðu báðir verið við skál „og til í allt“, en lyktir orðið þær að ákærður „stangaði“ Sigmund Grétar í andlitið. Fyrir dómi játaði ákærður ákæru rétta og kvaðst hafa veitt Sigmundi Grétari högg í andlitið, svo sem þar væri rakið.

Lagt hefur verið fram í málinu svofellt vottorð Jóns Birgis Baldurssonar tannlæknis, dagsett 22. nóvember 1983:

„Hinn 21. nóvember 1983 kom hér á stofuna til skoðunar Sigmundur G. Sigmundsson f. 30.9.65, Spóahólum 12 R. Athugun leiddi í ljós: I. Brotið var út tveimur tönnum í efri góm á þremur stöðum, þ.e., báðum miðframtönnum. II. Hægri hliðarframtönn í neðri góm brotið af vinstra horn. Hægri framtönn í neðri góm úrdregin (hafði brotnað). Vinstri framtönn í neðri góm brotið af hægra horn, einnig var búið að fjarlægja tannkviku úr rótargangi, þ.e., það þarf að rótfylla tönnina.

Áætlaður kostnaður:

- I. 3. plastfyllingar deyfing ca. kr. 1.500.
- II. Rótfylling + Rtg. ca. kr. 1.000.
- II. Smíða þarf brú til að bæta upp skarð við brot á hægri framtönn í neðri góm ca. kr. 22.500.
- III. Áfallinn kostnaður við skoðun, myndatöku og bráðab.tönn kr. 1.520 samtals ca. kr. 26.520.“

Sigmundur Grétar Sigmundsson hefur krafist þess að ákærður verði dæmdur til að greiða sér fyrrnefnda fjárhæð auk 10.000 króna miskabóta, eða samtals krónur 36.520 auk vaxta frá 23. febrúar 1984 til greiðsludags. Ákærður hefur samþykkt kröfuna og verður dæmdur til að greiða hana.

Með eigin játningu ákærðs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Refsing ákærðs, Svavars Dalmann Hjaltasonar, verður með hliðsjón af atvikum öllum talin hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuðir.

Þar sem ákærður hefur ekki áður verið dæmdur sekur um nokkurt hegningarlaga brot þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Komi refsing ákærðs hins vegar til farmkvæmda, skal frá henni draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 1.—9. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin 15.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 15.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærður, Svavar Dalmann Hjaltason, sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærður almennt ákvæði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga

nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmda skal frá henni draga gæsluvarðhaldsvist ákærðs frá 1.-9. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður greiði Sigmundi Grétari Sigmundssyni, Spóahólum 12, Reykjavík, krónur 36.520 með dómvöxtum frá 23. febrúar 1984 til greiðsludags.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 15.000, og málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 15.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

---